

L Ö G

um breyting á lögum nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsg. 4. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun á fé hans, og skal það gert á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.
3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga.
4. Í skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða sem starfa samkvæmt lögum, þ. á m. veðdeilda banka.
5. Í bönkum og sparisjóðum sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 65% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði, sem ákveðið er af tveim mönnum, sem fjármálaráðherra tilnefnir, og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kaupþúnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 28. apríl 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um þroskaþjálfu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Rétt til þess að starfa sem þroskaþjálfari hér á landi og kalla sig þroskaþjálfari hefur sá einn, er til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkv. 1. gr. skal veita þeim, sem lokið hafa prófi frá Þroskaþjálfaskóla Íslands (áður Gæslusyrstraskóli Íslands).

Einnig má veita þeim leyfi, sem lokið hafa hliðstæðu námi erlendis, sé námið viðurkennt sem slíkt af heilbrigðisyfirvöldum þess lands, þar sem námið er stund-

að. Áður en leyfi er veitt skv. þessari málsgrein skal leita umsagnar Félags þroskaþjálfra og Þroskaþjálfaskóla Íslands.

3. gr.

Þroskaþjálfar starfa við þjálfun, uppeldi og umönnun þroskaheftra.

4. gr.

Óheimilt er að ráða til þroskaþjálfastarfa aðra en þá, sem hafa starfsleyfi skv. lögum þessum.

5. gr.

Þroskaþjálfar ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar, er varða þroskaþjálfun.

6. gr.

Þroskaþjálfar er skylt að gæta þagnælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara skv. lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi hafi látið af störfum.

7. gr.

Um þroskaþjálfar gilda að öðru leyti og eftir því, sem við getur átt, reglur læknalaga nr. 80 23. júní 1969 með áorðnum breytingum. Reglur læknalaga gilda m. a. um sviptingu og endurveitingu starfsréttinda, og um refsingu vegna brota þroskaþjálfra.

8. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 28. apríl 1978.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 1. mgr. 20. gr. laganna komi tvær mgr., sem hljóði svo:

Þegar kosið er hlutfallskosningu í sveitarstjórn, eru allir þeir frambjóðendur varamenn í sveitarstjórn, sem ekki hafa náð kosningu sem aðalmenn, en átt hafa